



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Stjórnarráð Íslands
Félags- og
húsnæðismálaráðuneytið



Hagir og líðan eldra fólks

Greining á högum og líðan eldra fólks á
Íslandi árið 2024

Niðurstöður fyrir Reykjavík

Framkvæmd og heimtur



- Könnun unnin að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins
- Gagnaöflun
 - Lagskipt slembiúrtak 2.000 einstaklinga 67 ára og eldri, búsett á Íslandi
 - 611 manns með skráða búsetu í Reykjavík
 - Alls bárust 276 svör frá Reykvíkingum → 46,6% svarhlutfall með tilliti til brottfalls
 - Frá 4. nóvember til 10. desember 2024
 - Net- og símakönnun

Efnistöð spurningalista




- Almennt heilbrigði
- Viðhorf til heilbrigðisþjónustu á Íslandi
- Aðstoð í daglega lífinu
- Heimaþjónusta
- Önnur þjónusta
- Búsetuhagir
- Atvinnuhagir
- Fjárhagur
- Félagsleg virkni
- Ofbeldi
- Viðhorf til eldri borgara og tölvuvirkni

NIÐURSTÖÐUR


Andleg og líkamleg heilsa

- 69% telja líkamlega heilsu sína frekar eða mjög góða.
- 90% telja andlega heilsu frekar eða mjög góða
 - Lítill breytileiki í aldurshópum, 87-96% töldu hana frekar eða mjög góða




Hversu oft í viku stundar þú að jafnaði eftirfarandi hreyfingu?

- Spurt var hve oft fólk stundaði hreyfingu:
 - Röskleg ganga, sund, hjólréiðar, skipulagða líkamsrækt eða leikfimi með þjálfara eða önnur hreyfing
- Á meðal allra aldurshópa var á bilinu 16-31% sem stundaði a.m.k. eina af þessum hreyfingum daglega
 - Tæpur helmingur (46%) sem gerði það a.m.k. 4-6 sinnum í viku
- Á meðal 80 ára og eldri var fjórðungur sem stundaði ekkert af þessu. Á meðal þeirra sem voru undir 80 ára var einungis 3% sem hreyfði sig aldrei




Hversu marga áfenga drykki drekkur þú að jafnaði þegar þú drekkur áfengi?

- Með hækkandi aldri minnkaði áfengisneysla.
 - Rétt rúmur helmingur 80 ára og eldri drakk ekki áfengi
 - Um fjórðungur 79 ára og yngri drakk ekki
- Örlítið lægra hlutfall karla drakk ekki áfengi þar sem 27% þeirra drukku ekki en 33% kvenna
- Aðeins algengara að eldra fólk á höfuðborgarsvæðinu drekki heldur en á landsbyggðinni
 - 29-30% á hbsv drekkur ekki en 37% á landsbyggð



Aðgengi að heilbrigðisþjónustu


- 60% taldi sig hafa gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu
 - Hlutfallið var 85% í Rvk árið 2020
- 50% í nágrannasveitarfélögum taldi aðgengi gott, 65% á landsbyggð
- Viðhorf til aðgengis batnaði með aldri



Þjónusta heilsugæslustöðva

- Rúmur helmingur taldi þjónustu heilsugæslustöðva hafa versnað
- 15% taldi hafa batnað (9% í nágrannasveitarfélögum og 21% á landsbyggð)
- Viðhorf mun skárra árið 2020
 - Sama þróun fyrir allt landið


Myndir þú segja að þjónusta heilsugæslustöðva hafi almennt batnað eða versnað á síðastliðnum fimm árum?



Hve oft þarfnast þú aðstoðar við eftirfarandi verkefni í daglegu lífi?


- Spurt var hve oft fólk þyrfti aðstoð við atriði í daglegu lífi:
Innkaup, matreiðsla, þrif, bankaerindi á netinu og önnur erindi á netinu
 - Algengast var að fólk þyrfti aðstoð við að sinna bankaerindum eða öðru á netinu (15% oft eða alltaf) og fór talan hækkandi með aldri, þar sem um 35% 80 ára og eldri þurfti aðstoð en einungis 8% þeirra sem voru undir áttræðu

Fjöldi atriða sem einstaklingar fengu aðstoð við frá fjölskyldu eða opinberum aðilum í daglegu lífi.




Pegar þú þarfnast aðstoðar við verkefni í daglegu lífi, hver hjálpar þér mest?

- Algengast (35%) var að maki aðstoðaði mest við verkefni í daglega lífinu og þar á eftir var dóttir (22%) og sonur (19%)




Hversu oft færð þú heimþjónustu?

- Um fjórðungur 80 ára og eldri fengu heimþjónustu
 - 12% þeirra sem voru á aldrinum 73-79 ára
- Sambærilegt hlutfall einstaklinga fékk heimþjónustu á landsbyggðinni (84%) eins og í Reykjavík (86%)
- 84% þeirra sem fengu heimþjónustu töldu hana nægjanlega




Hversu oft færð þú heimahjúkrun?

- 10% 80 ára og eldri fengu heimahjúkrun
 - 2% þeirra sem voru 79 ára eða yngri
- Örlítið hærra hlutfall einstaklinga fékk heimahjúkrun sem búsett voru á landbyggðinni (6%) en í Reykjavík (4%)
- 80% þeirra sem fengu heimahjúkrun töldu hana nægjanlega



Ert þú í dagdvöl?

- 4% voru í dagdvöl
 - 3% þeirra sem voru ekki í dagdvöl hefðu áhuga á því núna og 28% síðar
- Litlar/engar breytingar frá því árið 2020
 - Þá voru 5% í dagdvöl (vikmörk 2 prósentustig)




Ef þú flytur úr núverandi húsnæði hverskonar húsnæði myndi mæta þörfum þínum best?

- Meirihluti (58%) hafði ekki hug á að flytja, 16% þeirra sem voru 80 ára og eldri töldu þjónustuíbúð eða hjúkrunarheimili mæta þörfum þeim best


Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, þjónustuíbúð í eigu sveitarfélags, þjónustuíbúð í eigu annarra, á hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða eða hjá börnum?

- 86% bjuggu í eigin húsnæði
 - 80% þeirra sem voru 80 ára og eldri
 - 88% þeirra sem voru 79 ára og yngri



Ert þú í launaðri vinnu?

- 14% voru í launaðri vinnu
 - 13% þeirra sem voru ekki í vinnu vildu vera það
 - Fjórðungur þeirra sem voru ekki í vinnu þurftu að hætta á tilteknum aldri
 - 11% vegna veikinda




Hverjar eru ráðstöfunartekjur heimilisins á mánuði, það er að segja allar tekjur heimilisfólks eftir skatt?

- Meðalráðstöfunartekjur heimila voru 663 þ.kr.
 - Hæstar voru þær hjá yngsta hópnum 67-69 ára 727 þ.kr.
 - Lægstar hjá þeim elstu 80 ára og eldri: 505 þ.kr.
 - Tekjur voru að jafnaði 464 þ.kr. hjá ógiftum, 488 þ.kr. hjá ekkjum og ekkjum og 832 þ.kr. hjá þeim sem voru giftir eða í sambúð


Myndir þú segja að þú hafir oft, stundum, sjaldan eða aldrei fjárhagsáhyggjur?

- Rúmur helmingur (60%) hafði aldrei fjárhagsáhyggjur
 - Árið 2020 var hlutfallið 56%
 - 69% þeirra sem voru með 450 þ.kr. eða minna og 95% þeirra sem höfðu meira en 750 þ.kr. höfðu sjaldan eða aldrei áhyggjur



Hversu oft að jafnaði eldra fólk eru í samskiptum eða innan um fólk


- Almennt var eldra fólk félagslega virkt
 - Flestir fengu/fóru í heimsókn a.m.k. vikulega
 - Langflestir voru símasambandi a.m.k. vikulega
- Félagsleg virkni svipuð í nágrannasveitarfélögum og landsbyggð
 - Þó örlítið minna um heimsóknir á landsbyggð
 - 73% vikulega á landsbyggð en 82% hbsv



Myndir þú segja að þú værir einmana mjög oft eða alltaf, frekar oft, stundum, frekar sjaldan, mjög sjaldan eða aldrei?




- Lítill hópur bjó við einmanaleika
 - 2% sagðist mjög oft eða alltaf vera einmana og 4% frekar oft
 - Konur voru líklegri til að vera einmana, 8% voru frekar oft, mjög oft eða alltaf en 4% karla
 - Hærra hlutfall var frekar oft, mjög oft eða alltaf einmana í Reykjavík (6%) samanborið við nágrannasveitarfélög og landsbyggð (3%)
 - Mestur var einmanaleikinn hjá ekkjum og ekkjum þar sem 15% voru frekar oft, mjög oft eða alltaf einmana
 - 7% ógiftra og ekki í sambúð
 - 3% giftra eða í sambúð



Telur þú þig búa við mikla eða litla félagslega einangrun?

- 86% töldu sig búa við frekar litla, mjög litla eða enga félagslega einangrun
- Mest var einangrun á meðal ógiftra (22%)




Hefur þú upplifað vanrækslu eða ofbeldi?

- 2% hafði upplifað vanrækslu
- Enginn hafði verið beittur líkamlegu ofbeldi
- 4% höfðu verið beitt andlegu ofbeldi
- 2% höfðu verið beitt fjárhagslegu ofbeldi

Telur þú að viðhorf til eldri borgara í samfélaginu séu almennt jákvæð eða neikvæð?




- 49% taldi viðhorf til eldra fólks vera frekar eða mjög jákvætt í samfélaginu
 - Svipað hlutfall (51%) í nágrannasveitarfélögum, en töluvert hærra (66%) á landsbyggðinni taldi viðhorf jákvætt
- Litlar breytingar



Átt þú tölvu, spjaldtölvu, snjallsíma eða snjallúr?


- Meiri hluti (85%) eldra fólks átti snjallsíma og var 82% sem átti tölvu
 - 67% þeirra sem áttu tölvu notuðu hana daglega
 - Á meðal þeirra sem voru 80 ára og eldri var helmingur (55%) sem notaði tölvu sína daglega
- Sambærileg tölvu og snjalltækjæign í nágrennasveitarfélögum og landsbyggð
- Hlutfall sem á tölvu, snjallsíma og snjallúr hefur aukist frá 2020



Hversu oft eða sjaldan notar þú eftirfarandi þjónustu eða stundar eftirfarandi á internetinu?




- Meiri hluti eldra fólks notar internetið vikulega eða oftar til að fara inn á heimabanka og eiga samskipti við fjölskyldu og vini
 - Á meðal þeirra sem voru 80 ára og eldri var 39% sem notaði aldrei internetið til að eiga samskipti við fjölskyldu og vini
 - Á meðal þeirra sem voru 80 ára og eldri var 57% sem notaði aldrei internetið til að fara inn á heimabanka



Hversu sjaldan eða oft notar þú eftirfarandi þjónustu?

- Mun algengara var að eldra fólk horfði á línulega sjónvarpsdagskrá (70%) heldur en með tímaflakki (30%) eða gegnum streymisveitur (17%)
 - Um helmingur fólks 79 ára og yngra horfði á sjónvarpsefni gegnum streymisveitur oftari en vikulega
 - 24% fólks 80 ára og eldra
- Rúmur fjórðungur hlustaði á hljóðbækur vikulega eða oftari og 17% daglega



TAKK FYRIR